

Til
RÍV

BAKVATN

Vatnamælingar hafa í dag mótttekið ská yfir bakvatnsstaði 32 hugsanlegra rafstöðva.

Vatnamælingar eiga skýrslu varðandi vatnshæð á sumum stöðunum og munu vinna að heilsteyptri skilagrein um þennan þátt virkjunarrannsókna nú í framtíðinni.

Lausleg aþhugun nú í snarheitum gefur eftirfarandi:

1. Skaftá I: Skál? Hversvegna ekki Holtsdalur?
Engin hækkun af ísi. Sveifla 1,5 m venju-
leg. 0,5 m yfir lægstu stöðu.
2. Þórisvatn: Búðarháls: Vatnsborðshækkun af völdum íss
mjög óveruleg, eða alls engin. Sveifla
Þjórsár nál. 4 m. Venjul. um 1,0 m yfir
lægstu stöðu.
3. Sultartangi: (er ekki nafnið ^{Sanda} Sandafell öllu þjálja?)
Engin vandkvæði með bakvatn. Í stórflóðum
fer Þjórsá nú að vísu yfir Haf og inn í
Rauðá, en fyrirhleðsla auðveld. Engin
hækkun af ísi.
4. Búrfell: Sjá 3. Sveifla Þjórsár austan við þennan
stað 4 m.
5. Fossá: Engin vandkvæði með bakvatn. Sveifla Fossár
1,5 m.
6. Hjálp: Sjá 4.
7. Skarð: Ístruflun. Nákvæmari staðsetning nauðsynleg.
Sveifla við ótrufluð rennsli 3-4 m. Venjul.
um 1 m yfir lægstu stöðu. Ístruflun um
5 m, frekari upplýsingar nauðsynlegar. Stórt
inntakslín minnkar ístruflun. Sömuleiðis
ef 2 og 3 eru komnar áður.
8. Þjórsárholt: Sjá 7, Ístruflun ^{meið} ~~meið~~. Vatnsstaða við ís-
truflun verður mæld inn í sumar.
9. Búðafoss: Ístruflanir. Í mestu ístruflunum verður slétt
yfir fossinn og ísbreiðan fær heildarhalla
landsins, og á brotinu 100 m ofan við Búða er

- vatnsborðshækkunin nál. 3-4 m. Er til athugunar á hverjum vetri.
10. Urriðafoss: Miklar ístruflanir, allt að 18 m neðan við Urriðafoss. Í vetur komst vatnsborðið að bolta FM-31 þ.e.a.s. kota 25,5 m, þá var slétt yfir sjá 9.
11. Bláfell: Virkjun úr Hvítárvatni mun útiloka ístruflanir á bakvatni. Og sveiflur verða sömuleiðis óverulegar.
12. Gullfoss I. (Nauðavík? á sennilega að vera Nautavík). Þar er síritari. Engar ístruflanir. Sagnir um mestu vatnsborðshækkun í stórflóði á sl. 50 árum gefa 10 m. Venjulega 0,6 til 1,0 yfir lægstu stöðu. Í stærsta mældu flóði 4,5 m yfir lægstu stöðu.
13. Gullfoss II. Vatnsstaða í gílinu neðan við Faxa hefur ekki verið athuguð sérstaklega. Það er auðvelt að finna lykil að Tungufljóttinu þar og þá má sjá hver vatnsborðshækkun verður þegar Hvítárvatn kemur. Engar ístruflanir nálægt útrennsli rafstöðvar.
14. Faxi: Sjá 13.
15. Hestvatn: Nú er lítilsháttar ístruflun í Hvítá hjá Kiðjabergi nál. 3-4 m. Vafalaust engin ístruflun eftir að virkjað yrði. Vatnsstaðan venjulega nál. 0,5 m. yfir lægstu stöðu. Stærsta flóðsveifla 3 til 4 metrar. Athugast stöðugt nánar.
16. Hvalvatn: Engin vandkvæði.
17. Reyðará: Engin vandkvæði
18. Reyðarvatn: Engin vandkvæði.
19. Norðlingafljót: Engin vandkvæði með bakvatnið, því að Hvítá frýs aldrei og sveifla hennar lítil. Ath. Norðlingafljótið er vatnlítið (Vatnið fer fram neðanjarðar, Barnafossar).
20. Dynjandi: Sjávarmál
21. Þverá, Skúfnavötn: Sjávarmál
- 22: Hvalá á Ströndum: Hvernig er virkjun hugsuð?
23. Vatnsdalsá við Forsæludal: ~~Hætt~~ með síritara.

24. Skjálfafljót,
Íshólsv.: Nákvæm staðsetning nauðsynleg.
25. Skjálfafljót
við Goðafoss: Bakvatn neðan Hróteyjar? Sveifla þar 1,5 m
Venjulegast 0,4 m yfir lægstu stöðu. Ís-
truflanir óverulegar.
26. Skjálfafljót,
Ullafoss: Nákvæm staðsetning nauðsynleg. Vatnshæð
lítið verið athuguð ennþá.
27. Laxá, Músvatn,
Reykjadalur: Engin teljandi breyting á bakvatni af völdum
Reykjadalsár.
28. Dettifoss,
Hafragilsfoss: Þarf að athugast nánar að vetrarlagi.
29. Réttarfoss: (Vestur af Löndum? en ekki við Landaá
norður af Löndum?)
Við Landaá er sveiflan 3,3 metrar. Venjul.
1,2 m yfir lægstu stöðu.
30. Jökulsá á
Brú, Hóll: Athuganir takmarkaðar.
31. Lagarfljót,
Þuríðarstaðir: Sjá 30.
32. Lagarfljót,
Lagarfoss: Stöðugar athuganir, sjá fyrri skilagrein.

ATH: Er ekki nauðsynlegt að fá síritandi vatnshæðarmæla við
suma af þessum stöðum, svo að gera megi langæislinu-
rit yfir vatnshæðina? En þess ber jafnframt að gæta,
að vatnamælingarnar hafa ekki fengið gjaldehyri fyrir
síritandi vatnshæðarmælum síðastliðin tvö ár.

7. maí 1958.

S. Risl